

REGLUGERÐ

um (20.) breytingu á reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við framleiðslu á fiskmjöli og fisklýsi sem ætlað er til manneldis, er heimilt að nota fisk- og fiskeldisafurðir, þ.m.t. heilan fisk, afskurð, innnyfli og annað hráefni sem fellur til við meðferð og vinnslu á fiski og fiskeldisafurðum, svo framarlega sem meðferð hráefnisins uppfyllir kröfur um hollustuhætti sem varðar matvæli.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 2. desember 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.